

Nd. 10. Frumvarp til laga [9. mál]

um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

2. másl. 11. gr. laganna orðist svo:

Einkasalan greiðir kostnað við flutning á tóbaki til verzlunarstaða innanlands.

2. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin ákveður hámarksverð tóbaks í smásölu, og skal það vera hið sama um allt land.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tóbakseinkasala ríkisins hefur aðsetur í Reykjavík og selur tóbak frá birgðastöð sinni þar til verzlana um land allt. Samkvæmt lögum einkasöluunnar eiga tóbakskaupendur utan Reykjavíkur að borga flutningsgjald fyrir vöruna þaðan til annarra verzlunarstaða, og er tóbakið nú selt hærra verði þar en í Reykjavík sem flutningskostnaðinum nemur. Hér er lagt til, að þessu verði breytt á þann veg, að einkasalan borgi kostnað við flutning tóbaksins frá heildsölustaðnum til annarra verzlunarstaða og smásöluverð vörunnar verði hið sama um land allt.

Flutningsmaður þessa frumvarps teldi að visu bezt, að ekkert væri keypt til landsins af tóbaki eða öðrum óþörfum varningi. En meðan mikill fjöldi landsmanna kaupir og notar tóbak og ríkið hefur einkarétt til innflutnings á þeirri vöru, þykir sanngjarnt, að ríkisverzlunin selji það við sama heildsöluverði á öllum verzlunarstöðum landsins, svo að tóbaksmennirnir geti fengið það fyrir sama verð, hvar sem þeir eru búsettir á landinu.